



ÍSAFJARÐARBÆR

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið,
Skúlagötu 4,
150 Reykjavík.

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. n.	10.7.2
Innk.	20. JAN. 2012
Ábm.	HG
SLR	1100049

Ísafjörður, 20.01.2012
2011100008 PP

Efni: Byggðakvóti Ísafjarðarbæjar fiskveiðiaríð 2011/2012, úthlutunarreglur.

Á 306. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 19. janúar sl., voru fyrir teknar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2011/2012 og samþykkt að óska eftir neðangreindum breytingum hvað varðar úthlutun til fiskiskipa í Ísafjarðarbæ. Greinargerð fylgir tillögum um breytingar.

Tillögur starfshóps skipuðum af bæjarráði Ísafjarðarbæjar um breytingar á úthlutunarreglum byggðakvóta til 306. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Starfshópin skipuðu Albertína F. Elíasdóttir, Gísli H. Halldórsson og Sigurður Pétursson.

Tillögurnar eru fjórar. Um tillögur a, b og d var einhugur í starfshópnum. Fulltrúi Í-lista gat hinsvegar ekki fellt sig við tillögu c og er hún því lögð fram af meirihluta starfshópsins.

a) a-liður 1. gr. breytist þannig: „Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.“

b) c-liður 1. gr. breytist þannig: „Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. desember 2011. Miða skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. „

c) Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: „...miðað við landaðan afla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2008 til 31. ágúst 2011.“ .. og svo frv.

d) Í 4. gr. komi sem 3. mgr. „Áður en aflamark byggðarlags er skipt hlutfallslega miðað við landaðan botnfiskafla skal 50% af aflamarki byggðarlagsins skipt jafnt á milli skipa sem til greina koma skv. 1. gr. annarra en skipa með frístundaveiðileyfi“

Skýringar og rökstuðningur.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er verið að bregðast við athugasemdum sem bárust frá fjölda hagsmunaaðila vegna reglna um úthlutun byggðakvóta, eftir því sem talið er mögulegt. Nánari rökstuðningur við hverja breytingu fylgir hér á eftir.

a) Talið er nauðsynlegt að frístundaveiðibátar hafi sama tækifæri og önnur skip til að nýta veiðireynslu sína og nýta byggðakvóta til löndunar afla í byggðalaginu. Þessir bátar landa að jafnaði öllu til vinnslu í viðkomandi byggðalagi og mikil margfeldisáhrif eru í byggðalögunum af starfsemi þeirra.


b) Þessi breyting þýðir aðeins að nú geta útgerðir með eitt skip átt lögheimili annarsstaðar í sveitarfélaginu en í viðkomandi byggðalagi. Eftir sem áður þarf skipið að vera skráð í byggðalaginu og landa til vinnslu þar.

c) Þessi breyting er hugsuð til þess að draga úr áhrifum áfalla í starfsemi útgerða og vinnslufyrirtækja á ávinnsurétt skipa til aflamarksúthlutunar byggðakvóta. Með þessum hætti njóta skip þess að nokkru leyti að hafa landað fiski í lengri tíma í byggðalaginu. Viðmiðið er einnig rökrétt þegar höfð er í huga sú aðferð sem notuð er til kvótasetningar fisktegunda í almenna kvótakerfinu.

d) Með þessari breytingu er öllum skipum í byggðalaginu gefinn kostur á að sækja um og fá úthlutað úr helmingi byggðakvótans, óháð löndunarsögu. Hinum helmingi byggðarkvótans yrði engu að síður úthlutað eftir löndunarsögu. Talið er nauðsynlegt að útiloka frístundaveiðibátana frá þessari reglu, enda gætu þeir þá í ýmsum tilfellum fengið margfalt meira aflamark til byggðakvóta en þeir eru færir um að veiða.

Ofangreindar tillögur voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem hér segir. Tillaga A samþykkt samhljóða 8-0. Tillaga B samþykkt samhljóða 9-0. Tillaga C samþykkt 5-4. Tillaga D samþykkt samhljóða 9-0.

Virðingarfyllst,



Þorleifur Pálsson

- bæjarritari -